

þakklæti fundið til þeirrar hollustu og ástar til konungs og konungsættar, er ávarpið lýsir.

4
12. jan.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að gjöra ofanskráð allrahæst svar kunnugt hlutaðeigendum.

Auglýsing

um póstmál.

5

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir að póstafréiðslan í Rangárvallasýslu skuli flutt frá Breiðabólstað í Fljótshlíð að Odda á Rangárvöllum.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 19. jan. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturamtinu um borgun fyrir athugasemdir á veðbrjef.

6
4. jan.

Með þóknanlegu brjefi 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrlausnar erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann beiðist leiðbeiningar amtsins og úrskurðar, út af því að landsbankastjórnin hefur neitað að greiða gjald í landssjóð fyrir athugasemdir er hann hefur gjört á 3 veðskuldabrijf til bankans, er þinglesin hafa verið á bæjarþingi Reykjavíkur, og hefur bankinn fært til þá ástæðu fyrir neitun sinni, að »öll hin umræddu veð (húseignir í Reykjavík) voru síðastliðið vor boðin upp til lúkningar hinum umræddu gömlu skuldum, sem þar með eru fallnar burtu« og hafi því verið þýðingarlaust að gjöra athugasemdirnar á hin nýju veðbrjef.

Fyrir því skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um, að þar sem höpt þau á veðeignunum, sem athugasemdirnar ræða um, virðast enn vera óafmáð úr afsals- og veðmálalabókunum, og bæjarfógetanum ber eigi skylda til að afmá úr bókunum ex officio slík höpt, þó þau kunni að vera fallin burtu við sölu á nauðungaruppboði, þá hafi það verið skylda bæjarfógetans að gjöra hinar umræddu athugasemdir og heimta gjald fyrir þær til landssjóðs samkvæmt 31. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar o. fl.

7
12. jan.

Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá settum prófasti í Rangárvallaprófastsdæmi, sjera Kjartani Einarssyni í Holti, þar sem hann í fyrsta lagi fer fram á að jeg veiti sem fyrst leyfi til að kirkjan verði flutt frá Holti að jörðinni Ásólfskála, og í öðru lagi

7 sækir um 2000 kr. styrk úr landssjóði til kirkjubyggingarinnar, með þeim kjörum, 12. jan. er næsta alþingi ákveði, og hafa stiptsyfirvöldin mælt með beiðni þessari.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá hinum heidr-
uðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg vil veita
Holtsprestakalli undir Eyjafjöllum 2000 kr. lán úr landssjóði til kirkjubyggingar með
þeim kjörum, sem alþingi 1889 ákveður, og verður upphæð lánsins eða nokkur hluti
hennar, eptir þörfum, ávísuð prestinum, þegar hann fer þess á leit; en að því, er snertir
flutning kirkjunnar frá Holti að Ásólfsskála, hefur málið enn eigi fengið þann undir-
búning, að slíkur flutningur geti orðið leyfður, og verður kirkjuflutningsleyfið
eigi veitt, nema málið sje á ný borið upp á hjeradsfundi, samkvæmt 12. gr. laga nr. 5
frá 27. febr. 1880 og meiri hluti allra hjeradsnefndarmanna samþykki á fundinum kirkju-
flutninginn, og biskup síðan leggi með honum.

8 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um ólögmeta prestskosningu
24. jan.

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. p. m., hafði þjer, háæruverðugi herra biskup
sent mjer skýrslu um prestskosningu þá, sem fram hefur farið í Kirkjubæjarprestakalli
í Hróarstungu 31. október p. á., og ber skýrsla þessi með sjer, að af 78 kjósendum
sem voru á kjörskrá, hafa 51 greitt atkvæði, og hafa þau fallið þannig, að sjera Hall-
dór Bjarnarson á Presthólum hefur fengið 26 atkvæði, kandiðat Eggert Pálsson 22 at-
kvæði og sjera Einar Jónsson á Miklabæ í Blönduhlíð 3 atkvæði. Með umgetinni
skýrslu fylgdu auk ýmsra annara fylgiskjala 2 kærur yfir kosningunni, sumpart út af
því, að menn hafi staðið á kjörskrá, og kosið, sem ekki höfðu talið fram neitt tíund-
bært fje á vorhreppaskilapingi næsta á undan kosningunni og því ekki galdið til prests
og kirkju, sumpart út af því, að mönnum hafi verið bætt inn á kjörskrá eptir að hún
hafði legið frammi.

Að því, er snertir hið fyrra kæratriðið, þá hefur kjörstjórnin í álitsskjali sínu
um kærurnar kannast við, að einn nafngreindur kjósandi og «nokkrir fleiri» hafi ekki
talið fram til tíundar á hreppaskilapingi í vor er leið, en hafi gjört það eða þeim verið
gjörð tíund á hreppaskilapinginu í haust, en þar við athugast, að skilyrðið fyrir kos-
ingarrjetti til prests, er ekki það að tíunda, heldur að gjalda til prests og kirkju, og þó
maður telji fram eða honum sje gjörð tíund á hausthreppaskilapingi fáum dögum fyrir
kosningu, þá er það engin sönnun fyrir, að hann gjaldi til prests og kirkju það ár, er
kosningin fer fram. Kjörstjórnin hefur einnig kannast við í álitsskjali sínu, að mönnum
hafi verið bætt inn á kjörskrá, eptir að hún hafði verið lögð fram, og vill rjettlæta það
með fyrirmælum 5. greinar í lögum 8. janúar 1886 um hluttöku safnaða í veitingu
brauða, en eptir fyrirmælum þessarar greinar má ekki bæta neinum manni inn á kjör-
skrá eptir að hún hefur verið lögð fram, nema hann kæri yfir, að sjer hafi verið sleppt
og kjörstjórnin síðan leggi úrskurð á kærana, en í kosningargjörðunum segir, að engar
mótbárur hafi komið fram gegn hinni framlögðu kjörskrá, og var því engin heimild til
að bæta neinum manni inn á kjörskrána, eptir að hún hafði verið lögð fram.

Það er þannig upplýst, að bæði hafa menn staðið á kjörskrá og tekið þátt í kos-
ningunni, sem ekki gjalda til prests og kirkju, og að mönnum hefur heimildarlaust verið bætt
inn á kjörskrá, eptir að hún var lögð fram, og þegar þar við bætist, að allmargir vinnu-
menn hafa staðið á kjörskránni og greitt atkvæði á kjörfundinum, þrátt fyrir það þótt